



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 7. september, 2009

Ákvörðun nr. 31/2009

Yfirtaka Sparisjóðabanka Íslands hf. á Kælitækni ehf.

Þann 21. ágúst sl. barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning vegna samruna Sparisjóðabanka Íslands hf. (hér eftir SPB) og Kælitækni ehf. (hér eftir Kælitækni) í samræmi við ákvæði 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Fullnægð tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna, en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna. SPB er fjármálafyrirtæki og starfar ekki á sama markaði og hið yfirtekna félag Kælitækni, sem er innflutnings- og þjónustufyrirtæki á markaðnum fyrir kælingu og frystingu. Af samrunatilkynningu má ráða að ekki hafi stofnast til yfirráða SPB yfir öðrum keppinautum á viðkomandi mörkuðum.

Í samrunaskránni kemur fram að með tilkynningu til eigenda, dags. 19. júní 2009, hafi SPB yfirtekið allt hlutfé í Kælitækni.

Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.

Ákvörðunarorð:

„Með tilkynningu til eigenda, dags. 19. júní 2009, yfirtók SPB allt hlutfé Kælitækni. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson